

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SÁLF3FG05
Kennari:	Birta Antonsdóttir
Önn:	Haustönn 2019
Áætlun unnin:	19.ágúst 2019

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Félagssálfræði, helstu hugtökum hennar og rannsóknarniðurstöðum
- Greindarhugtakinu og mismunandi kenningum um greind
- Persónuleikanum og ólíkum kenningum um hann
- Mismunandi skoðunum fræðimanna á sálfræðilegum prófum og notkun þeirra
- Áhrifum erfða og umhverfis á mótun mannlegra eiginleika

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Greina samskiptamynstur einstaklinga og hópa í umhverfi sínu
- Útbúa drög að sálfræðilegum prófum og leggja mat á þau
- Framkvæma sálfræðirannsókn og setja niðurstöður fram í skýrslu og fyrirlestri
- Undirbúa og taka þátt í rökræðum um efni áfangans
- Leggja mat á eigin vinnu og vinnu annarra nemenda í áfanganum

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja betur viðhorf og hegðun við mismunandi aðstæður, bæði hjá sjálfum sér og öðrum
- Taka afstöðu til og rökræða málefni sem tengjast sálfræðinni
- Miðla því sem hann hefur lært í áfanganum
- Vinna sjálfstætt úr sálfræðilegum gögnum og leggja mat á þau

sem metið er með:

Smáverkefnum, stærri þemaverkefnum, þátttöku/virkni, prófum og lokaverkefni annar

Námsefni:	Sálfræði 2(1988) Höf.: Atkinson, R. Hilgard, E. Þroskasálfræði (2013). Höf.: Aldís Unnur Guðmundsdóttir
-----------	--

Námsmat:

Verkefnaeinkunn (%):	Smáverkefni	20%
	Þemaverkefni	30%
	Þátttaka/virkni	10%
	Próf	30%
	Lokaverkefni	10%

Skipulag náms:

Um skilafrest og vanskil:

- Öll verkefni hafa ákveðin skilafrest, nemendur þurfa að vera búin að skila inn verkefnum **fyrir kl. 00 á föstudegi**.
- Eftir að skilafrestur er útrunnin lokast skilaboxið og ekki er tekið við verkefnum eftir þann tíma
- Önninni er skipt í þrjú þemu: greind, félagssálfræði og persónuleikann. Við vinnum lítil verkefni upp úr hverjum hluta (smáverkefni) og svo ljúkum við hverju þema með stóru lokaverkefni og tímaprófi.

Um próf:

- Í áfanganum er þrjú próf

Vikuskema:

Mánudagar

Þriðjudagar → 11:15-12:05

Miðvikudagar → 12:35-13:25

Fimmtudagar → 11:15-12:05

Föstudagar → 13:30-14:20

Áætluð yfirferð:

Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
34. vika 18.-24. ág. 20. ág. – fyrsti kennslud.	Kynning á áfanga	Farið yfir kennsluáæltun og innihald áfanga. Gerð grein fyrir uppbyggingu, námsmati ofl.
35. vika 25. – 31. ág.	Fyrsta þema: Greind Greind Um sálfræðileg próf Kafli 12 – sálfræði 2 Þroskasálfræði e. Aldísi. 4.kafli	Skil á verkefni 1 - Greind
36. vika 1. -7. sept.	Greind Greindarpróf Kafli 12 – Sálfræði 2 Þroskasálfræði e. Aldísi, 4.kafli	Skil á verkefni 2 - Greind
37. vika 8.-14. sept. Framhaldsd. 10.-13. sept.	Greind - uppgjör	-Skil á lokaverkefni um greind -Próf upp úr greind
38. vika 15.-21. sept.	Annað þema: félagssálfræði Kafli 17 Bls. 256-265	Skil á verkefni 3 – félagssálfræði <i>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</i>

39. vika 22.-28. sept. 23. og 24. sept. – námsmatsd. 25. sept. – 1. umsögn	Kafli 17 <u>Bls. 266-273</u>	Skil á verkefni 4 – félagssálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
40. vika 29. sept. – 5. okt.	Kafli 17 <u>Bls. 274-291</u>	Tilraun í félagssálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
41. vika 6.-12. okt.	Kafli 18 <u>Bls. 292-302</u>	Skil á verkefni 5 – félagssálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
42. vika 13.-19. okt.	Kafli 18 <u>Bls. 303-313</u>	Skil á verkefni 6 – félagssálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
43. vika 20.-26. okt. 22.-25. okt. Framhaldsd.	Kafli 18 <u>Bls. 314-324</u>	Skil á verkefni 7 – félagssálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
44. vika 27.okt.-2. nóv.	Félagssálfræði - uppgjör	<u>-Skil á lokaverkefni úr félagssálfræði</u> <u>-Próf upp úr félagssálfræði</u>
45. vika 3.-9. nóv. 7. og 8. nóv. - námsmatsd.	<u>Þriðja þema:</u> <u>Persónuleikasálfræði:</u> Persónuleikasálfræði Inngangur Kafli 13 – Sálfræði 2 <u>Bls. 106-113</u>	Skil á verkefni 8 – persónuleikasálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
46. vika 10.-16. nóv. 11. nóv. – 2. umsögn	Persónuleikasálfræði Kenningar Kafli 13 – Sálfræði 2 <u>Bls. 114-127</u>	Skil á verkefni 9 – persónuleikasálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
47. vika 17.-23. nóv.	Persónuleikasálfræði Matsaðferðir Kafli 13 – Sálfræði 2 <u>Bls. 128-143</u>	Skil á verkefni 10 – persónuleikasálfræði <i><u>Skil á qlósum upp úr bls vikunnar</u></i>
48. vika 24. -30.nóv.	Verkefnaskil og próf	Skil á verkefni 11 – persónuleikasálfræði <u>Próf úr þema þriju:</u> <u>persónuleikasálfræði</u>
49. vika 1.– 7. des. Framhaldsd. 2.-6. des.	Lokaverkefni annar.	Lokaverkefni
50. vika 8.-14. des.	Námsmat Einkunnabirting 11. desember.	

Birt með fyrirvara um breytingar
Birta Antonsdóttir